

Pelikula ehf.
Rauðarárstíg 1
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2020
UST202002-225/H.H.
09.08.02

Efni: Umsókn um leyfi til kvíkmyndatöku - Kleifarvatn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Pelikula ehf., dagsett 20. febrúar 2020, um leyfi til aksturs utan vega vegna kvíkmyndatöku við Kleifarvatn innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvíkmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvíkmyndatöku, taka á upp módel í fjörunni við Kleifarvatn 26. eða 27. febrúar. Keyrt verður af veginum og út í fjöruna og stefnt er að vera á svæðinu í um 4 tíma. Sex starfsmenn koma að verkefninu í tveimur bílum, ekki er þörf fyrir að setja neinn búnað upp á svæðinu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni ekki hafa neikvæð áhrif á dýralíf svæðisins það sem verkefnið fer fram yfir vetur og lítið um fuglalíf á svæðinu á þessum árstíma. Ekki er gert ráð fyrir jarðraski og akstur utan vega verður takmarkaður við fjöru. Umhverfisstofnun metur verkefið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á gróður svæðisins. Kleifarvatn er mjög vinsælt allt árið um kring og því gæti verkefnið haft neikvæð áhrif á upplifun gesta á svæðinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Pelikula ehf., fyrir sitt leyfi fyrir akstri utan vegar við Kleifarvatn sbr. lýsingu hér að ofan 26.–27. febrúar 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.

- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Allur akstur utan vega er bannaður annar en så sem leyfið nær til.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Afmá þau bílför sem gætu myndast á svæðinu meðan verkefninu stendur.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. 39.400- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Hildur Hafbergsdóttir

Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur

René Biasone

René Biasone
sérfræðingur